

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn á Dúllubarnum í Stjörnuheimilinu, þriðjudaginn 09.02.2021, kl. 17:15

Mætt: Brynja Baldursdóttir (BB), Erling Ásgeirsson (EÁ), Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG).

Einnig sátu fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁÍÞ) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir: Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS).

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Samþykkt fundargerðar

Fundargerð aðalstjórnarfundar 12. janúar 2021 var tekin fyrir til samþykktar.

Niðurstaða: Fundargerðin var samþykkt einróma með nokkrum breytingum frá SG.

2. Afrekssjóður

a. Aukagreiðslur úr Afrekssjóði inn á árið 2020

Niðurstaða: stjórn Afrekssjóðs fór yfir helstu breytingar sem lagðar voru fram og þær samþykktar einróma af aðalstjórn.

b. Úthlutun fyrir árið 2021

BS og IHR fóru yfir úthlutun og skiptingu afreksstyrks til afrekshópa fyrir starfsárið 2021. Stuðst er við sömu forsendur til úthlutunar líkt og fyrri ár. Samtals verður úthlutað 85% af fjármunum sjóðsins í fyrstu úthlutun úr flokkum A og B, eða 93% að teknu tilliti til sveiflujöfnunar á skerðingum deilda. Í júní, að loknu keppnistímabili vetraríþróttafélagsins, skal endurskoða hvort tækifæri séu til aukinnar úthlutunar, þ.e. af þeim fjármunum sjóðsins sem nú er haldið eftir.

Niðurstaða: úthlutun samþykkt einróma. Úthlutun verður kynnt fyrir formönnum deilda á félagsráðsfundi í byrjun mars.

1. Samningar við Garðabæ

a. Vallarsamningur

SG upplýsti stjórn um fund með forsvarsmönnum Garðabæjar þar sem umræða var tekin um endurnýjun á rekstrarsamningi milli Garðabæjar og Stjörnunnar um rekstur á vallarsvæði við Ásgarð.

b. TM höllin

Einnig upplýsti SG stjórn um að á sama fundi var farið yfir drög að samningi milli Garðabæjar og Stjörnunnar vegna mögulegrar yfirtöku Stjörnunnar á rekstri TM hallarinnar.

Niðurstaða: SG, IHR, HJ ásamt ÁÍP er falið að halda samningaviðræðum áfram fyrir hönd aðalstjórnar.

2. Áætlun mfl kk í knattspyrnu lögð fyrir til samþykktar

BS fór yfir áætlun mfl kk í knattspyrnu fyrir árið 2021, áætlunin er lögð fram með jákvæða rekstrarniðurstöðu. Áætlunin er gerð af varfærni en í henni er aðeins stuðst við styrki í formi rekstrartekna sem nú þegar eru bundnir í samninga flokksins við hina ýmsu styrktaraðila.

Niðurstaða: áætlunin er samþykkt einróma.

3. Stefnumótun deilda – næstu skref í stefnumótun félagsins

ÁÍP fór yfir þá vinnu sem framundan er við umbætur á handbók félagsins í framhaldi af vottun félagsins sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Í tengslum við þá vinnu þyrfti að kafa dýpra í þá stefnumótunarvinnu sem byrjað var á árið 2018. Nauðsynlegt er að móta heildstæða uppeldisstefnu félagsins, sem lýsir stefnu til næstu fimm ára og þá hvernig sú vinna endurspeglast í starfi og markmiðasetningu einstakra deilda.

Niðurstaða: Stjórnarmenn voru sammála um að leita tilboða hjá utanaðkomandi fagaðilum til að stýra slíkri vinnu í samvinnu við aðalstjórn og stjórnir deilda. ÁÍP er falið að leita eftir tilboðum og koma með tillögur að fagaðila sem getur stýrt verkefninu.

4. Körfubolti mfl kvk

ÁÍP fór yfir þau samtöl og vinnu sem unnin hefur verið vegna ábendingar um ágreining sem ÁÍP fékk tilkynningu um að ætti sér stað í mfl kvk í körfubolta.

Niðurstaða: Málið er komið í ásættanlegan farveg og ákveðið í framhaldinu að fá Önnu Steinsen frá KVAN til að aðstoða flokkinn við að styrkja liðsheild, setja saman samskiptareglur innan liðsins o.fl. sem getur komið í veg fyrir að málefni líkt þessu komi upp aftur.

5. Fimleikar

ÁÍP upplýsti stjórn um erindi sem sent var til hennar frá forráðamönnum í mfl kvk í áhaldafimleikum vegna samskiptaörðugleika innan þjálfarateymis flokksins. ÁÍP fór yfir þau samtöl og það inngrip sem hún hefur gert í málinu í samvinnu við stjórn deildarinnar.

Niðurstaða: ÁÍP lagði til við stjórn fimleikadeildar að fenginn yrði inn sérstakur fagaðili sem ynni að lausn með félaginu, þ.e.a.s. mæti aðstæður, gæfi endurgjöf og veitti ráðgjöf um “best practice” í samskiptum og skipulagi. Slíkur fagaðili mun fylgjast með æfingum og fylgjast með því hegðunarmynstri sem á sér stað í salnum og eins innan þessara hópa.

6. Heiðursviðurkenningar Stjórnunar

EÁ lagði fram þá tillögu við stjórn að setja saman þriggja manna sérstaka heiðursviðurkenningarnefnd sem hefði það hlutverk að koma með tillögur að tilnefningum til Gullstjörnu og Gullstjörnu með lárviðarsveig sem eru æðstu heiðursviðurkenningar félagsins. Eins myndu þessi aðila útbúa verkreglur í kringum

tilnefningar til heiðursviðurkenninga sem kynntar yrðu félagsmönnum. Í nefndinni sætu aðilar sem hafa sinnt stjórnarstörfum fyrir félagið til lengri tíma.

Niðurstaða: tillagan var samþykkt einróma og EÁ falið að óska eftir við Snorra Olsen, Önnu Möller og Jóhann Ingimundarson að taka sæti í nefndinni.

7. Önnur mál

a. Tillaga að kynningu á húsnæðismálum frá Garðabæ á félagsráðsfundi

ÁÍP lagði til þá hugmynd að fenginn yrði fulltrúi frá Garðabæ til að vera með kynningu á uppbyggingu á íþróttamannvirkjum í bænum á félagsráðsfundi félagsins sem er á dagskrá í byrjun mars.

Niðurstaða: samþykkt.

b. Þing UMSK – fundarseta og heiðursviðurkenningar

Þing UMSK fer fram þann 25. febrúar nk. EÁ og ÁÍP munu sitja þingið fyrir hönd aðalstjórnar en þingið fer að þessu sinni fram með rafrænum hætti vegna Covid-19. Óskað hefur verið eftir tillögum frá deildum félagsins til tilnefningar á heiðursviðurkenningu UMSK.

c. Samskiptakerfi – kynning á þeirri vinnu sem starfsmenn skrifstofu eru í

ÁÍP fór yfir þá innleiðingu á samskiptakerfi í anda lean management sem starfsmenn skrifstofu eru að vinna í þessa dagana. Er vonin að með innleiðingunni náist að auka skilvirkni verkefna, auka samvinnu og traust milli starfsmanna og eins auka sýnileika verkefna sem starfsmenn eru að vinna að hverju sinni.

d. Covid-19 bætur – umsóknarferli hafið

BS upplýsti stjórn um að búið væri að opna fyrir umsóknir á bótum fyrir launþega og verktaka íþróttahreyfingarinnar vegna stöðvunar á starfsemi íþróttafélaga á haustmánuðum. Ljóst er að umsóknarferlið er umfangsmikið og mun taka nokkurn tíma að klára að skila inn öllum umsóknum. Sú vinna er nú þegar hafin og mun BS sjá um ferlið fyrir félagið í heild og deildir þess.

8. Kynning frá Hörpu R. Gísladóttur – kynning á samstarfi við Stjórnuna

Harpa Rós Gísladóttir ásamt samstarfsteymi sínu frá Styrkur markþjálfun komu sem gestir á fund aðalstjórnar. Fóru þau yfir kynningu á þjónustu sem þau hafa áhuga á að bjóða upp á fyrir félagið og iðkendur þess í samstarfi við Stjórnuna.

Niðurstaða: tóku stjórnarmenn vel í kynninguna en óskuðu eftir nánari hugmyndum að útfærslu. ÁÍP var falið að skoða slíkt í samvinnu við Styrk og koma með nánari hugmyndir til aðalstjórnar að þeirri vinnu lokinni.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 20:00 – ritað ÁÍP

